

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um upphæð ómagaæðlags. — Eptir að mjer hefur borizt þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dags. 29. apríl þ. á. og þar með fylgjandi erindi hreppsnefndanna í Ytri- og Fremri-Torfastaðahreppum, þar sem þær áfrýja til mín úrskurði amtsins, dags. 10. ágúst f. á., um upphæð ársmeðlags með þurfamanninum Guðmundi Magnússyni, fardagaárin 18^{84/85}—18^{89/90}, er samkvæmt kröfu Vindhælishrepps ákveður tjeða meðlagsupphæð 140 kr. á ári, skal jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður til þjóknanlegar leiðbeiningar og frekari birtingar, að

sveitfesti Sigurgeirs nokkurs Ólafssonar, og sem þið sýslumennirnir hafið eigi getað orðið samdóma um, og er nú svolátandi úrskurður kveðinn upp í þessu máli.

Sigurgeir þessi Ólafsson, sem er orðinn fjelaus blindur og ellihrumur, og hefur nú orðið að leita framfærzlustyrks af dvalarsveit sinni Glæsibæjarhrepp í Eyjafjarrarsýlu, er fæddur á Njálstöðum í Vindhælishrepp á árinu 1830. Eptir að hafa dvalið í þessari fæðingarsveit sinni fáein ár, eptir að hann var kominn af ómaga aldri, hefur hann haft dvöl í ýmsum hreppum öðrum, en hvergi nógu langan tíma til þess að ávinna sjer sveitfesti, unz hann í annað skipti kom inn í Glæsibæjarhrepp 1869, þar sem hann svo dvaldi í 14 ár samfleytt, sumpart sem húsmáður og sumpart sem bóndi. Nú hefir hreppsnefndin í Glæsibæjarhrepp neitað að viðurkenna sveitfesti Sigurgeirs Ólafssonar af þeim ástæðum, að húsmennska hans þar hafi verið ólögleg, og að hann á árunum 1869—1879 hafi þegið sveitarstyrk frá *Skriðuhrepp*, sem virðist vera framfærzluhreppur Guðrúnar nokkurrar Jóhannsdóttur, fylgikonu Sigurgeirs og barnsmóður. Að því leyti er snertir hina fyrri mótbáru hreppsnefndarinnar í Glæsibæjarhrepp á móti sveitfesti Sigurgeirs Ólafssonar þar, þá eru eigi nægar upplýsingar komnar fram því til sönnunar, að húsmennsku-dvöl hans í Glæsibæjarhrepp hafi verið ólögleg, eða hann dvalið þar í leyfislausri húsmennsku, hvað svo sem líður því leyfi, sem Sigurgeir þykist hafa fengið hjá hinum þáverandi hreppstjóra í Glæsibæjarhrepp, heldur bendir það til hins gangstæða, að sveitarstjórnin í Glæsibæjarhrepp sjest eigi að hafa amast neitt við honum út af húsmennskudvöl hans í hreppnum. Hvað snertir fátækrastyrk þann, sem Sigurgeir á að hafa þegið, þá liggur það næst fyrir, að líta svo á hann, sem hann hafi verið veittur barnsmóður Sigurgeirs, barni þeirra óskilgetnu til uppeldis, en þó menn vildu svo vera láta, sem þessi styrkur væri veittur honum sjálfum, vegna þess að Guðrún Jóhannsdóttir var hjá honum sem bústýra hans, og honum hafi borið skylda til, að framfæra sitt heimilisfólk, eða standa straum af því, þá er aðgætandi, að það er eigi upplýst, að Sigurgeir hafi bedið um styrk nje nokkur rannsókn framfarið á því, hvort hann væri styrks þurfandi, svo styrkurinn yrði í öllu falli, hvað Sigurgeir snertir, að skoðast sem eigi löglega veittur. Styrkur þessi, sem veittur var Guðrúnu Jóhannsdóttur með óskilgetnu barni hennar getur þannig eigi, nje heldur húsmennskudvöl Sigurgeirs í Glæsibæjarhrepp verið því til fyrirstöðu, að hann hafi öðlast þar framfærzlurjett, og úrskurðast því hjer með, að Sigurgeir Ólafsson skuli álitast sveitlægur í Glæsibæjarhrepp«.

49 jeg er samþykkur ástæðum þeim, sem amtsúrskurðurinn er á byggður, og skal 27. maí hann því óraskaður standa.¹

50 **Brjef landshöfðingja til amtmannsins i norðuramtinu og austuramtinu um**
29. maí **endurgjald á veittum sveitarstyrk.** — Eptir að jeg með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, dags. 1. þ. m. hefi fengið skjöl og skilríki viðvíkjandi erindi hreppsnefndarinnar í Reyðarfjarðarhreppi, dags. 15. des., er jeg hafði sent yður til umsagnar, þar sem hreppsnefndin áfrýjar til mín úrskurði amtsins, dags. 22. jan. f. á., um endurgjald á sveitarstyrk, veittum Einari nokkrum Þorsteinssyni úr Vallnahreppi, veturinn 1886—1887, að því er snertir 44 kr. 40 aur., er hreppsnefndin telur eptir standa, skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg verð að vera yður samdóma um, að hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps hafi fyrirgjört rjetti til endurgjalds á nefndri upphæð, með því að það var að ástæðulausu látið fyrirfarast, að tilkynna styrkveitinguna, er byrjaði 6. desbr. 1886, til hlutaðeigandi framfærzluhrepps, þangað til 31. desbr. 1887, og skal úrskurður amtsins því óraskaður standa að því er hið umrædda atriði snertir.

1) Úrskurður amtmannsins er svo hljóðandi:

»Með þóknanlegu brjefi, dags. 25. f. m., hafid þjer, herra sýslumaður, sent mjer með álitu yðar erindi nokkurt frá hreppsnefndinni í Vindhælishreppi, dags. 10. maí þ. á., þar sem hún áfrýjar til amtsins úrskurði yðar, 20. nóvbr. f. á., sem ákveðið er með, að Ytri- og Fremri-Torfastadahreppar, er með úrskurði landshöfðingja 31. maí 1889 voru skyldaðir til að annast framfærslu Guðmundar nokkurs Magnússonar, og endurgjalda Vindhælishreppi áfallinn og áfallandi kostnað af framfærslu Guðmundar á meðan hann dveldi í Vindhælishreppi, skuli greiða sem ársmeðlög með nefndum Guðmundi 120 krónur árlega fardaga-árin 18⁸⁴/₈₅—18⁸⁹/₉₀, en hreppsnefndin í Vindhælishreppi hefur gjört reikning fyrir 140⁰ króna meðlagi á ári, og sýnt, að hún eigi hafi getað komið fyrir ómaga þessum, sem er karlægt gamalmenni, fyrir minna meðlag.

Með því að jeg verð að álita, að krafa hreppsnefndarinnar í Vindhælishreppi, sem eins og nefndin tekur fram, eigi nemur meiru en 38 aurum á dag, fari eigi eptir kringumstæðum fram úr góðu hófi, og hún þar að auki hefur sýnt alla löglega vidleitni til þess að koma ómaganum niður fyrir sem minnst meðlag, — en 9. gr. fátækrareglugjörðarinnar 8. jan. 1834 veitir enga heimild til þess að skikka ómaga niður á hreppsþúa nauðuga, sbr. danska texta reglugjörðarinnar —, er hjermeð fyrnefndum úrskurði yðar breytt á þann hátt, að hið árlega meðlag með Guðmundi Magnússyni skuli álitast hæfilega sett 140 krónur fyrir þau ár, sem spursmál er um, og er því kostnaðarreikningur hreppsnefndarinnar í Vindhælishreppi samþykktur í þessu tilliti«.